

Til sveitarfélaga í umdæminu.

Erindi frá starfsmönnum Sýslumannsins á Austurlandi.

Hinn 8. febrúar fengu 11 starfsmenn embættis Sýslumannsins á Austurlandi uppsögn að hluta á starfi sínu, og boðið áframhaldandi starf gegn 10% lækkun á starfshlutfalli sínu. Auk þess náðist samkomulag við tvo aðra starfsmenn sem áður voru í 100% starfi um lækkun starfshlutfalls í 50% starf frá og með 1. maí næst komandi.

Ástæðan fyrir því að embættið grípur til þessara uppsagna starfsfólks er sú að uppsafnaður rekstrarhalli embættisins var um 40 milljónir um síðustu áramót og stefndi að óbreyttu í 64 milljóna halla í árslok 2019. Af þessum sökum voru aðgerðir óumflýjanlegar.

Undirritaðir starfsmenn Sýslumannsins á Austurlandi mótmæla því að fjárhagsvandi embættisins sé ekki leystur og förum fram á að sveitarfélögin í umdæminu leggi okkur lið og beiti sér fyrir því að:

- A. Embættið fái aukafjárveitingu til að greiða hinn gamla rekstrarhalla og**
- B. Embættið fái bætta reglulegar fjárveitingar til að unnt sé að draga til baka þessa 10% uppsögn starfsfólks.**

Stofnun sýslumannsembættisins.

Við stofnun embættisins 1. janúar 2015 þegar Sýslumannsembættin á Eskifirði og Seyðisfirði voru sameinuð var fjárveitingum hinna gömlu embætta skipt milli lögreglustjóra og sýslumanns. Launahlutfall embættanna var reiknað út frá launakostnaði ársins 2013. Það ár var einn löglærður fulltrúi í fæðingarorlofi hluta árs og annar í launalausni leyfi í nokkra mánuði. Þessa skekkju hefur ráðuneytið aldrei vilja lagfæra. Við þetta bættist það að embættin voru vanfjármögnuð fyrir, auk þess sem sameiningarkostnaður lagðist á embættin.

Loforð og lagaákvæði: Starfsmenn skyldu halda störfum sínum.

Við stofnun embættanna var því lofað af ráðherra og með ákvæði í lögum að starfsmenn hinna gömlu embætta héldu störfum sínum. Nánar tilgreint var ákvæði laga : “ Eftir að skipulag embætta hefur verið ákveðið, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum þessum, skal bjóða öllum starfsmönnum þeirra embætta sem lögð verða niður störf ýmist hjá hinum nýju embættum sýslumanna eða lögregluembættum“. Í ljós kom að allir starfsmenn hinna gömlu embætta fengu starf í nýju embættunum. Frá upphafi var því embætti Sýslumannsins á Austurlandi rekið með halla, vegna þess að réttar fjárveitingar fylgdu ekki með fyrirheitunum.

Lögbundin þjónusta og 4 starfsstöðvar.

Þjónusta sýslumannsembættisins er lögbundin og er veitt á 4 starfsstöðvum. Átta starfsmenn eru á Seyðisfirði í 7,75 stöðugildum en um 6 stöðugildum þegar umræddar sparnaðaraðgerðir eru um

garð gengnar. Á Egilsstöðum eru 2 starfsmenn. Á Eskafirði eru 4 starfsmenn í 3,8 stöðugildum og á Vopnafirði er einn starfmaður í 0,5 stöðugildi. Að mati okkar verður mjög erfitt að halda úti óskertri þjónustu með þessari fyrirhuguðu lækkun starfhlutfalls nær allra starfsmanna.

Umsamin starfskjör og byggðastefna í verki.

Það þarf varla að fjölyrða um að umrædd lækkun á starfshlutfalli er kjaraskerðing fyrir starfsfólk embættisins. Ekki er öðrum störfum fyrir þetta starfsfólk til að dreifa og fela þessar aðgerðir í sér að starfsfólkið á að mestu að sinna sömu verkefnum, en undir meira álagi. Þá skal á það bent að á þessu svæði er fækkun opinberra starfa slæm fyrir samfélagið og munar rekstur sveitarfélaganna um hvert starf sem greiðir sín göld til samfélagsins.

Jón Halldór Guðmundsson

Elva Dröfn Sveinsdóttir

Þórunn Gyða Kristjánsdóttir

Hrafnhildur Helgadóttir

Guðrún Hrefna Vilbergsdóttir

Fríða Berglind Valdimarsdóttir

Elínborg Kristín Þorvaldsdóttir

Anna Maren Sveinbjörnsdóttir

Guðbjörg Úlfisdóttir

Ólöf Hulda Sveinsdóttir